



Borgarráð

Umsögn SEA við tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um sparkvöll með gervigrasi á Landakotstún

Þann 24. maí 2018 lögðu borgarráðsfulltrúar fram svohljóðandi tillögu: *"Lagt er til að Reykjavíkurborg leggi sparkvöll með gervigrasi á Landakotstúni sem nýtist börnum og unglíngum í hverfinu til leikja og íþróttaiðkunar. Sviðsstjóra umhverfis og skipulagssviðs er falið að leita eftir samkomulagi um málið við katólsku kirkjuna sem er eigandi túnsins. Um sex þúsund manns búa í Gamla Vesturbænum og er hann eina hverfi borgarinnar þar sem börn og unglíngar hafa ekki aðgang að viðurkenndum sparkvelli með gervigrasi"* .

Fulltrúar frá SEA og USK hafa þegar rætt við katólsku kirkjuna sem og stjórnendur í Landakotsskóla um möguleika á að útbúa sparkvöll með gervigrasi á Landakotstún. Allir aðilar eru jákvæðir um verkefnið og er nú í gangi hönnunar vinna sem miðar að því að leggja fram deiliskipulagsbreytingu svo hægt verði að útbúa sparkvöll á túninu. Ef deiliskipulagstillaga þess efnis verður samþykkt mun frekari hönnun og kostnaðargreining verða sett í gang og niðurstöður lagðar fyrir borgarráð til ákvörðunar um hvort framkvæma skuli sparkvöllinn.

Óli Jón Hertervig